

1. fundur stjórnar nemendafélags Hofsstaðaskóla haldinn í Regnboganum 1. desember 2010 kl. 8:30-9:30

Fundarstjóri: Krístrún Sigurðardóttir, fundarritari: Margrét Harðardóttir

Aðalmenn og varamenn voru boðaðir til þessa 1. fundar, alls 44 nemendur

Kosið verður í stjórn nemendafélagsins á hverju hausti, en í henni sitja nemendur í 4.-7. bekk, strákur og stelpa úr hverjum bekk. Haldnir verða 3-4 fundir á hverju skólaári.

Krístrún kynnti tilgang og lög nemendafélagsins. Hún útskýrði hvað orðin velferð, hagsmunir og félagsstörf þýða. Hún ræddi við nemendur um lýðræðisleg vinnubrögð og möguleika nemenda til að geta tjáð skoðanir sínar og komið skilaboðum og upplýsingum til bekkjarfélaga sinna.

Fundurinn byrjaði með hópefli, nemendur röðuðu sér eftir hæð, orðalaust og áttu síðan að leysa verkefni tveir og tveir saman.

Fundurinn fór fram með bekkjarfundarfyrirkomulagi. Nemendur voru spurðir fjögurra spurninga. Bolti gekk á milli, en nemendur máttu segja pass og láta boltann ganga til næsta manns.

1. Hvernig líður þér í skólanum?

Nemendur segja að þeim líði vel í skólanum, það sé gaman að læra og maturinn sé yfirleitt góður, en þó voru ekki allir sammála um það og sumum finnst að hann mætti vera betri. Nemendum finnst gott að eiga góða vini í skólanum. Flestir nemendur höfðu skoðun á málinu, en nokkrir nýttu möguleikann og sögðu pass.

2. Fáist þið stundum að ráða sjálfir hvernig þið leysið verkefni?

Nemendur í 7. bekk nefndu verkefni eins og t.d. Miðaldafólk á ferð og íslenskuverkefni. Þeir sögðust mega ráða útfærslunni, t.d. gera plaköt, skrifa ritgerð, gera glærुकynningu, þrívíddarverk o.fl. Nemendum finnst þægilegt að hafa val.

Nemendur í 6. bekk sögðust líka hafa nokkuð val og nefndu t.d. verkefni í ensku. Það skipti mestu máli að verkefnið væri vel unnið. Þeir telja líka gott að fá að ráða vegna þess að þá geti maður fengið hærri einkunnir. Sumum nemendum finnst erfitt að mega ráða.

Nemendur í 5. bekk nefndu vinnu með boðorðin og siðferði. Í hópvinnu þurfa nemendur að koma sér saman um hvaða boðorð hópurnir velur að vinna með og síðan vinna þeir veggspjald sem lokaafurð.

Nemendur í 4. bekk segjast líka stundum fá að ráða, en mundu ekki eftir neinu sérstöku dæmi.

3. Eruð þið að læra um umhverfið þ.e. umhverfismennt?

Nemendur í 7. bekk segjast flokka rusl, tína rusl og endurvinnu pappír. Þeir segjast hafa lært mest í 1. bekk en muna ekki alveg hvað það var. Á fjölgreindarleikum unnu allir nemendur verkefni í tölvuveri um flokkun á rusli.

Nemendur í 6. bekk læra um umhverfið t.d. um gróðurhúsaáhrif, veðrið, eldgos og náttúruna, auk þess sem þeir læra um sorp og endurvinnslu. Við lærum mikið um náttúruna í skólanum segja þeir.

Nemendur í 5. bekk fóru í Sorpu á sl. ári, bjuggu til veggspjöld og kynntu sér endurvinnslu. Þeir hafa líka búið til risaeðlur úr alls konar dóti t.d. pappír, fernum og plastflöskum. Þeir bjuggu til listaverk úr dóti og drasli sem þeir týndu saman. Þeir passa líka vel upp á að setja pappír í rétta kassa. Nemendur fengu gest í heimsókn í haust sem sagði þeim ýmislegt um hvernig hægt væri að endurnýta allt mögulegt.

Nemendur í 4. bekk hafa líka búið til risaeðlur og passa sig að endurvinnu alls konar dót og týna rusl af skólalóðinni.

4. Hvað finnst ykkur mikilvægast í skólanum?

Svör við þessari spurningu voru fjölbreytt. Einn nemandi talaði um að það skipti máli að kennarinn leyfði þeim að hlæja. Annar sagði að það skipti máli að vera hamingjusamur. Bekkurinn og vinirnir skipta máli. Það er líka mikilvægt að læra. Það er gott að hafa góðan kennara sem kennir vel, því góð kennsla skiptir máli. Nemendur eru mjög ánægðir með íþróttir vegna þess að það er gaman að hreyfa sig. Það er gaman í list- og verkgreinum. Þeim finnst gaman að vera úti í frímínútum til að fá ferskt loft. Maturinn er líka mikilvægur. Stærðfræði og íslenska eru líka allt í lagi.

5. Önnur mál?

Nemendur óska eftir að það sé starfandi kór í skólanum eins og í Flataskóla og í Sjálandsskóla. Þeim finnst vanta fleiri battavelli. Það þarf að passa að þeir sem eru ekki í mjólkuráskrift fái sér ekki mjólk, því þá getur mjólkinn klárast. Sumir vilja læra meira um geiminn. Aðrir biðja um fleiri hljóðnema í salinn. Það ætti að opna hurðirnar sem eru á milli stofanna alla vega einu sinni í mánuði. Seinni frímínútur eiga að vera lengri en fyrri. Maturinn er of dýr. Það þarf að laga körfuboltavöllinn, hann er allur skakkur og það er pollur á honum. Það er nauðsynlegt að loka á milli klósettanna. Nemendur í 7. bekk vilja fá tækifæri til að vera inni í frímínútum, þeir vilja láta reyna á að það sé hægt að treysta þeim til þess. Það þarf að laga gardínur í stofu 102. Það þarf að skipta oftari um klósettrúllur. Örbylgjuofnarnir slá oft út, það þarf að laga rafmagnið. Minna heimanám í 6. bekk. Hjúkrunarfræðingurinn á að vera við allan skóladaginn. Það ætti að vera oftari pizza í matinn. Sumir vilja vera búnir í skólanum alla daga kl. 14:00, annars ná nemendur varla í íþróttir.